

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorpförgunargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2022 er gjaldið kr. 15.132 fyrir förgun á innihaldi hvernar almennrar sorptunnu.

Sorphreinsunargjald þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2022 er gjaldið kr. 31.883 fyrir hverja almenna sorptunnu. Með hverri almennri sorptunnu fylgir ein græn tunna og ein brún tunna.

Óski greiðendur eftir auka tunnum, fyrir endurvinnsluúrgang (græna eða brúna tunnu), skal greiða kr. 10.000 á ári fyrir.

3. gr.

Á móttöku- og söfnunarstöðum er gjaldfrjálst fyrir einstaklinga að skila af sér heimilisúrgangi. Hámarks farmstærð er 2 m³ fyrir viðskiptavini söfnunarstöðva Fjarðabyggðar.

Fyrirtækjum er óheimilt að skila úrgangi á móttöku- og safnstöðvar. Ef fyrirtæki skila úrgangi á móttöku- og safnstöðvar er innheimt móttökugjald samkvæmt 4. gr. Fyrirtækjum er skylt að gera þjónustusamning varðandi sína sorplosun og hafa viðeigandi ílát fyrir hvern flokk sorps samkvæmt reglum um flokkun á úrgangi.

4. gr.

Úrgangur skal vera flokkaður við skil á urðunarstað í samræmi við móttökuskilyrði. Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr./kg) samkvæmt gjaldskrá.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi:

	<i>kr./kg með VSK</i>
Óflokkaður úrgangur:	
<i>Blandaður úrgangur</i>	24,00
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar	
<i>Grófur úrgangur</i>	29,30
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega Dæmi: teppi, dýnur, húsgögn, steinefni og gler	
Flokkaður úrgangur:	
<i>Timbur</i>	21,30
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	
<i>Hreint timbur</i> sem má nýta í landmótun	18,20
<i>Kjöt og slátur úrgangur</i>	24,00
* <i>Seyra</i>	23,30
* <i>Fita</i>	23,30
* <i>Olíumengaður úrgangur</i>	26,60
* <i>Sóttmengaður úrgangur</i>	26,60

* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Fjarðabyggð.

5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2022. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 881/2021.

Fjarðabyggð, 19. nóvember 2021.

Jón Björn Hákonarson bæjarstjóri.